

Yfirskrift:	Stjórnarfundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana		
	Dagsetning:	2. mars 2021	Tími: 12:00 – 13:30
Fundarstaður:	Valhöll		
Fundarstjóri:	MH		
Ritari:	ÁB		
Á fundinn mættu:	Árni Bragason (ÁB), Ásdís Ármannsdóttir (ÁÁ), Eydís Líndal Finnbogadóttir (ELF), Harpa Þórsdóttir (HP), Kristján Sverrisson (KS), Margrét Hauksdóttir (MH), Steinn Jóhannsson (SJ) og Dagrún Hálfánardóttir, framkvæmdastjóri félagsins.		
Fjarverandi:			

Fundargerð stjórnarfundar FFR 2. mars 2021

1. Fundargerð stjórnarfundar 2. febrúar 2021

Fundargerð stjórnarfundar frá 2. febrúar 2021 samþykkt.

2. Drög að skýrslu um starfskjör og launaþróun forstöðumanna

Farið yfir drög að skýrslu um starfskjör og launaþróun forstöðumanna. Athugasemdir og tillögur að lagfæringum, m.a. á töflum í skýrslunni, verða sendar skýrsluhöfundi og óskað eftir frekari úrvinnslu hans.

3. Kynning á meistararitgerð um hæfni og hæfniskröfur til stjórnenda ríkisstofnana.

[SMJ] hefur áhuga á að kynna niðurstöður ritgerðarinnar fyrir félagsmönnum FFR. Helst þar sem fólk hittist í eigin persónu. Skoðum möguleikann á að fá hann á aðalfundinn í maí.

4. Niðurstaða umboðsmanns Alþingis í máli fyrrverandi forstöðumanns (mál nr. 10459/2020)

Farið yfir niðurstöðu umboðsmanns. Málið fjallaði m.a. um hvort að réttur til greiðslu skv. 35. gr. laga nr. 70/1996 væri fyrir hendi. Að mati umboðsmanns heyrðu aðstæður ekki undir 35. gr. m.a. vegna þess að viðkomandi hefði ekki verið embættismaður á þeim tímapunkti sem um ræðir.

5. TEAMS

Greiða þarf áskriftargjald til að fá almennilegan aðgang. DH gengur frá.

6. Undirbúningur aðalfundar 2021

Aðalfundur verður haldinn 19. maí 2021 kl. 14:00-16:00. DH kannar með sal, streymi o.þ.h. Helmingur af stjórnarmönnum eru að klára tvö árin. Helmingurinn fer út í ár. DH skoðar fyrir næsta fund. Liggur fyrir að kjósa þarf nýjan formann.

Ákveðið að kanna hvort að skýrsluhöfundur sbr. dagskrárlið 2. sé reiðubúinn til að mæta á aðalfund og kynna niðurstöður skýrslunnar.